

Fundargerð 97. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 3. júní 2024, kl. 15:00

Dagskrá:

- 1. Aðkoma ráðuneyta að sóknaráætlunum 2025-2029.**
- 2. Drög að nýjum sóknaráætlanasamningum 2025-2029.**
- 3. Uppgjör og árangur sóknaráætlana landshluta 2020-2024.**
- 4. Byggðaaætlun – aðgerðir.**
- 5. Næsti fundur og skipunartími stýrihópsins.**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Helga Harðardóttir (HRN).

Í fjarfundi: Ásta Bjarnadóttir (FOR, í fjarveru Daníels Svavarssonar), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR, fór 15:40), Kristrún Friðriksdóttir (DMR, fór 15:40), Þór Hauksson (MRN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu) og Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Aðkoma ráðuneyta að sóknaráætlunum 2025-2029

Landshlutasamtök sveitarfélaga sendu í mars sl. sameiginlega áskorun til fimm ráðherra um mögulega aðkomu ráðuneyta þeirra að nýjum sóknaráætlunum, þ.e. ráðuneyti félags- og vinnumarkaðsmála, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar, heilbrigðis, matvæla og mennta- og barna. Í kjölfar þeirrar áskorunar lagði innviðaráðherra fram minnisblað í ríkisstjórn í apríl þar sem hún hvatti ráðherrana til að skoða mögulega aðkomu að nýjum sóknaráætlunum. Viðbrögð hafa þegar borist frá öllum, fyrir utan háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneyti, sem eru jákvæð á að skoða mögulega aðkomu.

2. Drög að nýjum sóknaráætlanasamningum 2025-2029

Farið var yfir drög að nýjum samningum, sem byggja á gildandi samningum. Stefnt er að undirritun samninganna eigi síðar en í nóvember nk.

3. Uppgjör og árangur sóknaráætlana landshluta 2020-2024

Uppgjör og árangur sóknaráætlana hefur verið til umræðu á fundum stýrihópsins og landshlutasamtakanna. Rætt var um framsetningu og hvernig megi sem best ná fram upplýsingum um árangur. Greinargerð fyrir tímabilið 2015-2019 verður höfð til hliðsjónar.

4. Byggðaaætlun – aðgerðir

Rætt var um framgang byggðaaætlunar. Formaður greindi sérstaklega frá tveimur aðgerðum sem eru á ábyrgð IRN, þ.e. aðgerðum *B.7 Óstaðbundin störf* og *C.4 Borgarstefna*.

5. Næsti fundur og skipunartími stýrihópsins.

Vegna sumarleyfa falla boðaðir júlí og ágúst fundir niður. Næsti fundur verður eigi síðar en fyrsta mánudag í september, þ.e. 2. september kl. 13.00.

Í lok fundar greindi formaður frá því að enn eiga nokkrir eftir að senda innviðaráðuneytinu tilnefningar í stýrihópinn, en skipunartíminn rann út 31. maí sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:56